

Jónsmessunefnd

Teams

26. febrúar 2025

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Guðni Geir Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hermann Sæmundsson, Ingilín Kristmannsdóttir og Jóhanna Sigurjónsdóttir.

Auk þess sátu fundinn Árni Sverrir Hafsteinsson frá innviðaráðuneytinu, Birna Íris Jónsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

1. Reikningsskil sveitarfélaga og upplýsingaveita: Verk- og tímaáætlun.

Verkefninu hefur verið skipt í verkþætti A. Endurskoðun á regluverki vegna bókhalds og framsetningu á fjárhagsupplýsingum sveitarfélaga og B. Endurhönnun og sjálfvirknivæðing á Upplýsingaveitu sveitarfélaga. Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, f.h. samráðsnefndar um opinber fjármál, kynnti verk- og tímaáætlun og grófa kostnaðaráætlun. Verk- og tímaáætlun var samþykkt. Samþykkt að fulltrúar sveitarfélaga óski eftir því við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að sjóðurinn fjármagni verkþátt A. Samþykkt að ræða betur og taka ákvörðun varðandi fjármögnun á verkþætti B á næsta fundi nefndarinnar.

2. Minnisblað um samþættingu stafrænnar þjónustu hins opinbera og tilboð KPMG um þarfa- og ábatagreiningu.

Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kynnti minnisblað um samþættingu stafrænnar þjónustu hins opinbera. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga munu ræða verkefnið áfram sín á milli. Verður tekið upp aftur í Jónsmessunefnd.